

Þjónustuhundur ársins 2018 MORRIS



Á myndinni er Morris með eiganda sínum Jóhönnu Þorbjörgu Magnúsdóttur ásamt Daníel Erni Hinrikssyni varaformanni HRFÍ

Morris er 13 ára virðulegur öldungur sem starfað hefur sem þjörgunarhundur allt sitt líf en er nú komin á eftirlaun. Morris vann stanslaust allan ársins hring alla daga ársins tilbúinn í útkall og á 6 ára tímabili sinnti hann með eiganda sínum Jóhönnu Þorbjörgu Magnúsdóttur nánast öllum leitarbeiðnum sem bárust. Hann hefur líka kennt börnum að umgangast hunda, aðstoðað við lestrarkennslu og unnið með eiganda sínum sleitulaust í öll þessi ár.

Jóhanna kallar hann Mó og er hann algjörlega einstakur höfðingi. Það er með þakklæti fyrir óeigingjörn störf í þágu okkar allra sem við heiðrum hann með nafnbótinni Þjónustuhundur ársins 2018 hjá Hundaræktarfélagi Íslands.